



Jökull Jakobsson

# BÓNDI OG GESTGJAFI Í FORNAHVAMMI

---

---

Viðtal við Gunnar Guðmundsson

Þungbúinn morgunn rís í Norðurárdal. Skýin grúfa sig á dalbrúnunum og snjófölgur liggur yfir allt, naktar klappir yppta herðum víða upp úr. Við heyrum vatnsniðinn undir snjónum í lautum og giljadrögum og Norðurá þylur kaldranaleg á svip þúsund ára söng sinn. Hún hefur rutt klakahellum upp á grundina ofan við brúna þar sem vegurinn liggur fram hjá Fornahvammi. Sauðféð stendur í þéttum hóp á beit í túninu, það er eini bletturinn í öllum dalnum þar sem bregður grænleitum blæ á jörð og skerpur þannig mun frekar eyðileik umhverfisins. Á hlaðinu standa nokkrir þungir og stórir bílar í morgunskímunni, eins og risavaxin skrímur í höm, þykkt aurlag utan á þeim og klakadrylin á stuðrunum segja ferðasöguna betur nokkrum orðum. Þetta eru langferðabílar að norðan.

Þarna er einnig ferðalúinn Landrover á hlaðinu og hallar undir flatt. Í nótt flutti hann rjúpnaskyttur að sunnan. Í grárri morgunskímunni þramma þeir úr hlaði og leggja leið sína þvert yfir dalinn og upp eftir hliðinni handan árinna. Þokan þéttist eftir því sem



*Gunnar Guðmundsson bóndi á Fornahvammi að heyja á Farmall Cub 1960*

ofar dregur og klettarnir fá á sig drungalegan blæ. Nú dreifist hópurinn í ýmsar áttir, förinni er heitið í Hellistungur, þar er helzt rjúpu von í þessu veðurfari. Raunar eru þetta ekki allt yfirlýstar rjúpnaskyttur sem keifa hér upp brattann þennan drottinsdagsmorgun í nóvember, í það minnsta mundu ekki margar rjúpur falla fyrir því vopni sem einn þeirra ber í ól um hálsinn, Nikkorex Zoom myndavél með tröllaukinni linsu. Tilgangur fararinnar er því öðrum þræði andstæður drápsmennsku, blaðamenn Fálkans hyggjast gefa systur hans rjúpunni eilíft líf á pappírnum.

Í fararbroddi fer þó ein kunnasta rjúpnaskytta landsins, stíkar greiðlega upp brekkurnar með tvíhleypta haglabyssu um öxl. Það er Gunnar Guðmundsson bóndi og gestgjafi í Fornahvammi. Hann býst ekki við mikilli veiði þennan daginn, skyggnið er slæmt og rjúpan stygg og dreifð. Kannski hefur rjúpan haft veður af heimsókn Fálkans og er við öllu búin. En þá gefst betra næði að rabba við Gunnar um rjúpnaveiðar og fuglalíf á heiðinni, hér er hann öllum hnútum kunnugur.

Við höfum gengið drjúgan spöl án þess að verða varir við nokkurt líf. Allt í einu staldrar Gunnar við, rýnir út í grámóskuna og okkur hina setur hljóða, við stönzum og höldum niðri í okkur andanum. Við sjáum ekkert nema snjókornin þyrlast fyrir golunni ofan brekkuna, sums staðar er ívið dekkra þar sem grillir í berangursmela upp úr snjónum, að öðru leyti virðist allt grátt og hvergi neinn díl að sjá sem sker sig úr.

En Gunnar hefur örugglega orðið einhvers var, hann læðist í hálfhring og beygir sig fram, léttum, öruggum skrefum nálgast hann bráðina sem okkur er ósýnileg. Og nú stanzar hann, leggur byssuna við kinn og miðar.

Skotið ríður af. Það drynur í þokunni, þungt og snöggt.

Þögn heiðarinnar er rofin.

Gunnar hleypur til og við sjáum hann beygja sig niður.

Þær lágu þrjár í einu skoti og hann bindur þær saman í kippu og hnýtir við sig. Hann hefur engin orð um en það er ekki laust við að hann sé ögn léttari í spori, veiðigleðin er vakin.

Það líður ekki á löngu áður en við rekumst á annan hóp. Í þetta sinn er sjónin eitthvað betri hjá okkur fylgifiskunum, að minnsta kosti grillum við í nokkra fugla sem kúra á barði og ber hvíta í gráan himininn. Við gerum aftur hlé á göngunni og virðum fyrir okkur þessa sjón andartak. Rjúpan virðist hreint ekki hafa orðið okkar vör, hún hreyfir sig ekki um fet. Gunnar læðist nær til að komast í betra færi, lyftir byssunni og enn hljómar skot.



*Rjúpa í vetrarbúningi*

Rjúpurar fljúga upp í angist og dreifast, hverfa í þokuna.

Nema ein. Henni daprast flugið og lendir aftur niður á sama stað, við sjáum hana enn á lofti, í þetta sinn ívið lægra og nú fellur hún aftur til jarðar. Annað skot kveður við og nú hreyfir hún sig ekki meir.

Gunnar í Fornahvammi hefur skotið 700 rjúpur í haust. Það er heldur meira en í fyrra og hefur þó rjúpnaveiði verið yfirleitt heldur minni víðasthvar á landinu.

Þeim sem sjá til Gunnars í Fornahvammi að veiðum kemur varla annað til hugar en hann sé þaulvanur veiðimennsku frá blautu barnsbeini. Því varð ég hissa þegar Gunnar sagði að hann hefði varla borið þetta við fyrr en hann fluttist í Fornahvamm fyrir sjö árum.

Að vísu er hann fæddur og alinn upp í sveit en þar var ekkert um veiðimennsku af neinu tagi. Hann fór á mis við allt slíkt sern strákur, í Flóanum var ekki hægt að dorga fram af bryggjum né fremja annan veiðiskap. Gunnar glottir við þegar hann segir okkur að eina veiðimennska hans í æsku hafi verið sú að hirða sjálfdauða silunga upp úr þurrum áveituskurðum.

Og leiðin var löng og krókótt áður en hann fór að reika um Hellistungurnar með tvíhleypa haglabyssu. Eins og fleiri lagði Gunnar leið sína til Reykjavíkur, kom þar upp fjölskyldu og hugðist búa sér þar ból um aldur og ævi. Hann stundaði þar atvinnu við bílaréttingar og þurfti engu að kvíða um afkomu sína. En maðurinn lifir ekki á brauði einu saman. Þetta fornkveðna spakmæli sannaðist á Gunnari.

Eftir því sem árin liðu fór einhver óþreyja að gera vart við sig og magnaðist er á leið.  
- Mér fannst ég aldrei lifa sumardag, sagði Gunnar, mér leiddist alla tíð þótt ég viðurkenndi það ekki fyrir sjálfum mér lengi vel.

En Gunnar var þó ekki á því að láta undan fyrr en í fulla hnefana. Hann stundaði bílaréttingar af því meira kappi og réðst í það að koma sér upp eigin húsi. Engum þarf að kynna hvert strit er því samfara í Reykjavík fyrir þá sem ekki eiga nokkrar milljónir í handraðanum.

Þó tókst Gunnari að koma upp góðu húsi fyrir fjölskyldu sína eftir átján ára veru í Reykjavík.

- Og nú hélt ég að ég væri búinn að höndla hamingjuna, kominn í eigin íbúð og í góðum efnum, sagði Gunnar.

En það fór á aðra leið. Að ári liðnu er hann fluttur burt úr bænum með fjölskylduna, búinn að kveðja þéttbýlið fyrir fullt og allt og sestur að á afskekktum stað við erfiðan fjallveg.


- Og frá Fornahvammi fer ég ekki lifandi, segir hann hæglátlega en með þeirri festu að frekari spurningar verða óþarfar.

- Hér fann ég loks sjálfan mig, nú er ég loks kominn í sátt við guð og menn og náttúruna, kominn heim. Víst er staðurinn afskektur og mörgum finnst einmanalegt heim að líta, einkum á vetrardegi en

þess ber að gæta að staðurinn er í þjóðleið þrátt fyrir allt og hér hef ég einmitt kynnst mörgu ágætu fólki sem ég hefði ekki kynnst að öðrum kosti. En hitt er þó meira um vert að hér lifi ég í friði og sátt við sjálfan mig og uni mér aldrei betur en þegar ég rölti hér um heiðarnar með byssu.

Það er þó langt í frá að þetta byggist á því að maður fái nú loks útrás fyrir drápfýsina, heldur Gunnar áfram, en það sjónarmið virðist ríkt í huga þeirra sem telja sig afbragðs fuglavini og náttúruunnendur en kynnast í raun og veru fuglunum ekki nema sem myndum á veggjum og steik á matborðum.

Ég tel mig engan dýraplagara þó ég gangi um heiðar og skjóti fugl. Mér þykir vænt um rjúpu og sé ekki fallegrri sjón á vorin en rjúpu með unghóp. En menn verða að lifa – veiðin er ekki annað en starf. Og víst segir veiðigleðin til sín, ég er alls ekki ánægður



*Gunnar með vænan lax úr Norðurá*

ef mér hefur gengið illa yfir daginn. Hins vegar sjaldan ánægðari en þegar ég ber þungan afla heim að kvöldi. Ég er hræddur um að lífið á jörðinni hefði fljótt lognast út af ef mannkindin hefði ekki búið yfir veiðigleðinni.

- Við lásum einu sinni í blaði um ungan mann sem hafði verið til sjós en snúið aftur heim í sveitina sína.

Sjómennskan er ekkert annað en dráp, sagði hann, en landbúnaðurinn er aftur á móti í því fölginn að hlúa að lífi. Hvað viltu segja um þetta Gunnar.



*Gunnar við bílinn R-7512*

Gunnar brosir ljúfmannlega við þessari spurningu?

- Til hvers eru bændur að hlúa að húsdýrunum og gróðrinum nema til þess eins að fella hann, svarar hann, þá held ég veiðimaðurinn sé skárri, hann drepur dýr sem hann þekkir ekki persónulega. Bændurnir hafa hins vegar alið sjálfir upp þessi líf sem þeir drepa.

Og enn ein hliðin er ótalin á veiðimennskunni, heldur Gunnar áfram, og einmitt sá þáttur hennar sem er manni hvað drýgstur: að vera einn með sjálfum sér í náttúrunni. Mér er margt ógleymanlegt úr veiðiferðum mínum, hin undarlegu litbrigði jarðar og samleikur lands og himins, þessum hlutum er ógerlegt að lýsa, þá verður að upplifa. Oft hef ég staðið uppi á heiði þegar á stuttum tíma hreinsast allt loft svo útsýn gefur til allra átta, jöklar blasa við heiðir og bjartir og jörðin öll virðist liggja fyrir fótum manns. Þetta eru stórar stundir í lífi manns. Og veiðigleðin brýnir mann, ég finn aldrei fyrir þreytu fyrr en ég er kominn heim í myrkri.

Ég gleymi öllu öðru meðan veiðiförin stendur.

Seint á degi kveðjum við Gunnar og þökkum honum rausnarlegar veitingar og höfðinglegan beina, höldum í suður átt á glerhálum veginum og eigum fyrir höndum ys og þys og eril þéttbýlisins.

En Gunnar í Fornahvammi stendur í dyrum og horfir á eftir okkur, hann saknar okkar ekki því að sjálfur hefur hann allt: bæinn sinn og heiðina.